

Föstudaginn 7. apríl 1967.

Nr. 4/1967.

Ákærvaldið

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Guðbergi Guðjónssyni

(Guðlaugur Einarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til rikissjóðs, kr. 6.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Guðbergur Guðjónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til rikissjóðs, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. október 1966.

Ár 1966, föstudaginn 7. október, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 458/1966: Ákærvaldið gegn Guðbergi Guðjónssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað skv. ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 21. júlí s.l., á hendur Guðbergi Guðjónssyni sjómanni, Jónshúsi í Gerðum, fæddum 1. ágúst 1943 í Reykjavík, fyrir þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að

hafa aðfaranótt laugardagsins 25. júní 1966 í samkomuhúsinu Glaumbæ í Reykjavík kastað eign sinni á veski og bankabók eftir að hafa séð Berg Adolfsson missa muni þessa þar, en í veskinu voru um 300.00 krónur og innstæða í bókinni kr. 16.599.29.

Til vara telst fyrrgreint atferli ákærða varða við 246. gr. hegningarlaga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt þessum kær-um og refsingum:

- 1960 6/10 á Keflavíkurlflugvelli: Áminning fyrir tolllagabrot.
- 1961 í Reykjavík: Kærður fyrir 6 þjófnaði. Ákæru frestað skilorðsbundið í 3 ár frá 1/3 1961.
- 1961 5/5 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi skilorðsbund-ir í 3 ár fyrir brot gegn 244. gr. og 248. gr. hegningarlaga.
- 1961 27/10 í Reykjavík: Dómur: 18 mánaða fangelsi fyrir brot á 155., 244., 246. og 259. gr. hegningarlaga.
- 1961 15/12 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1962 4/12 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1962 1/9 á Akureyri: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21., sbr. 44. gr. áfengis laga og 7., sbr. 78. gr. lögreglusamþykktar.
- 1964 22/1 í Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1964 28/12 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. Greiði skaðabætur, samtals kr. 3.600.00.
- 1965 5/5 í Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1965 12/4 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 2.000.00 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 12/4 1965 fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum.
- 1965 20/10 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga (hegningarauki).

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærða og öðrum gögnum í máli þessu:

Að kvöldi föstudagsins 24. júní s.l. fór ákærði, Guðbergur Guðjónsson, í samkomuhúsið Glaumbæ hér í borg. Kveðst ákærði

hafa verið með áfengisáhrifum, er hann kom þangað, og haldið þar áfram drykkjunni. Um miðnætti fór ákærði upp á barinn í samkomuhúsinu, sem er á efri hæð þess. Þegar þangað kom og ákærði gekk fram með barnum, kveðst hann hafa séð, að maður, sem stóð við hann, missti veski sitt og bankabók á gólfið. Ákærði beygði sig niður og tók þetta upp. Kveðst hann í fyrstu hafa ætlað að afhenda eigandanum þetta, en hætt við það og stungið því á sig. Ákærði tók peninga þá, er voru í veskinu, að fjárhæð um 300 kr. að hann telur, en lét það að því búnu falla á gólfið. Ákærði fór því næst á brott úr samkomuhúsinu með peningana og bankabókina og hélt upp að Þórscafé. Þegar þangað kom, hitti hann Ingvar Diðrik Jóniússon, Skaftahlíð 7 hér í borg, og sagði honum frá því, hvað gerzt hafði. Ákærði kveðst hafa eytt peningum þeim, er hann tók úr veskinu, í drykkjuslark, en sparísjóðsbókina faldi hann undir öskutunnu við hús eitt í nánd við Þórscafé án þess að gå að því, hver innstæðan í henni væri. Ingvar Diðrik vissi að sögn ákærða, hvar hann faldi sparísjóðsbókina, og bað ákærði hann að láta hana eiga sig. Ákærði kveðst ekki hafa vitað eftir þetta, hvað um sparísjóðsbókin varð fyrr en undir rekstri máls þessa.

Eigandi umrædds veskis og sparísjóðsbókar, Bergur Adolffsson, Hólmgarði 56, kveðst hafa verið að skemmta sér í samkomuhúsinu Glaumbæ framangreinda nótt. Kveðst hann ekki vita, með hverjum hætti hann hafi glatað þar veski sínu og sparísjóðsbók. Veskið fannst í samkomuhúsinu um nóttina, og fékk hann það afhent, en þá voru peningar þeir, sem í því voru, að fjárhæð 200—300 kr. að hann telur, horfnir.

Bankabókin, sem var með 16.599.29 króna innstæðu, hafði verið afhent leigubifreiðarstjóra til vörzlu um nóttina. Kom hún í leitirnar daginn eftir við rannsókn málsins, og fékk Bergur hana afhenta. Bergur Adolffsson hefur ekki gert skaðabótakröfu á hendur ákærða í máli þessu.

Framangreint atferli ákærða, sem telst sannað með játningu hans og öðrum gögnum í máli þessu, þykir varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, enda hefur ákærði viðurkennt að hafa séð, er Bergur Adolffsson missti veski sitt og sparísjóðsbók og ætlað að afhenda honum verðmæti þessi, en hætt við það.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi með hliðsjón af fortíð hans.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Guðbergur Guðjónsson, sæti fangelsi í 4 mánuði.
 Ákærði greiði allan sakarkostnað.
 Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. apríl 1967.

Nr. 225/1966. **Hótel Borg h/f** (Hörður Ólafsson hrl.)
 gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
 (Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ábyrgð atvinnurekanda á opinberum gjöldum erlends starfsmanns.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson borgarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. júní 1966 til þingfestingar 3. október 1966. Er málið var þá tekið fyrir í Hæstarétti, var eigi sótt þing af hendi áfrýjanda. Sama dag var það áfrýjunarmál því fellt niður með dómi Hæstaréttar. Samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 57/1962 hefur áfrýjandi áfrýjað málinu af nýju með stefnu 24. október 1966. Hann gerir þær dómkröfur, að synjað verði um framkvæmd lögtaks þess, sem krafizt er, og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda.

Samkvæmt skýrslum áfrýjanda til skattstjórans í Reykjavík námu launatekjur erlends framreiðslumanns, Jörgens Zimmermanns Petersens, af atvinnurekstri áfrýjanda árið 1962 kr. 39.876.00 og árið 1963 kr. 58.556.00 auk orlofsfjár